

**KJARVAL**

**40% afsláttur**

**móar**  
Kjötblakvell  
**539 KR. KG**  
Móa kjúklingur ferskur

**25% afsláttur**

**LAMB**  
LAMBKJÖT  
LAMBKJÖT  
**2159 KR. KG**  
SS Lambaprime m/kryddsmjörli

**798 KR. KG**  
Goða Gourmet nautahakk

**20% afsláttur**

**Kyckling**  
Bröstfile  
Kyllingebrostfilet - marinert  
**1198 KR. PK.**  
Rose kjúklinga-bringur frosnar 900g

**398 KR. PK.**  
Naggalínan - kjötbollar, Cordon Bleu og lambanaggar

**685 KR. KG**  
Ýsubitar roð - 6 einlaus

**50% afsláttur**

**KEA**  
KEA bjúgu  
**350 KR. KG**

**20% afsláttur**

**Barilla**  
FARFAL  
LASAGNE  
**399 KR. STK.**  
Meistara Mündlukaka

**269 KR. PK.**  
Freyju Buffalo bitar

**7 UP og 7 UP free 2l**  
**139 KR. STK.**

**Lambi**  
Toilet Paper  
**1499 KR. PK.**  
Lambi sumar salernispappir 24 rúllur

**599 KR. PK.**  
Ferskjur í óskju

**Ch Cheerios**  
GM Cheerios 397g  
**319 KR. PK.**

**- Þín tilboð í Kjarval -**

# VITINN

UTG. FRÉTTABÚI SÍMI: 4871429 FAX: 4871206 NETFANG [frettir@simnet.is](mailto:frettir@simnet.is)

## Auglýsingar berist ekki síðar en kl. 9 á þriðjudagsmorgnum

### Til sölu

Rautt, Kilimanjaro, tveggja ára, 21 gíra kvenmannshjól, lítið notað, verð 5-10 þús. Hjálmur fylgir með

Uppl. gefur Ona í síma 517 - 3060 á Hótel Núpum eða Sigga í síma 860 - 4111

Illt er í landi aldafar og öfund skipt í hópa. Fáir veðurfræðingar en fjöldi skýjaglópa.

Höfundur: Leifur Auðunsson Leifsstöðum í Austur-Landeyjum. f.1907 - d.1978

Um höfund: Fæddur í Dalsseli undir Eyjafjöllum, bóndi á Leifsstöðum í Austur-Landeyjum. (Landeyingabók, bls. 223-224; Íslendingaþettir Tímans 13. jan. 1979; Morgunblaðið 25. nóv. 1978; Ljód Rangæinga, bls. 144). Foreldrar: Auðunn Ingvarsson bóndi í Dalsseli og kona hans Guðlaug Helga Hafliðadóttir. (Vestur-Skaftfellingar I, bls. 374-375).

### VÍSUR VIKUNNAR

Dáðist ég að Fagrafelli. Fegurð þess nú hverfur öll. Hafði um aldir haldið velli og helgan vörð um Eyjafjöll.

Ef að lifði andinn frjáls aldrei syrfi þá til stáls. Öll í friði, anda Njáls, afgreiðsla var sérhvers máls.

Af skýjaglópum hér í heim hefur skapast vandi. Allt of mikið er af þeim í okkar góða landi.

Ort til Páls Bergþórssonar veðurfræðings sem svaraði:

### Gauksklukkan

Hafnfirðingur og Reykvíkingur voru í greindarprófi. "Hvaða fugl býr ekki til sitt eigið hreiður" spurði sálfræðingurinn. "Kanárfuglinn" svaraði Reykvíkingurinn. "Gauksfuglinn" svaraði Hafnfirðingurinn. Mjög gott sagði sálfræðingurinn við Hafnfirðinginn, en hvernig vissirðu?" Allir vita að gaukurinn á heima í klukku" svaraði Hafnfirðingurinn.

VITINN á [www.sudurland.net](http://www.sudurland.net)

## Kveðja og takk fyrir tvö góð ár.



Við (Oddur og Dorthe) erum að ljúka dvöl okkar á Íslandi.

Fyrir tveimur árum síðan komum við til Víkur eins og framandi farfuglar, til að vinna og ég að læra íslensku í bara 1 ár.

Það er núna 2 óskaplega góð ár síðan.

Við viljum gjarna núna segja takk til fólksins í Vík fyrir hlýjar móttökur og góðar samverustundir.

Sérstakar þakkir frá Dorthe til heimilisfólksins á Hjallatúni. Það hefur verið mjög ánægjulegt að mæta svo mör-

gum spennandi persónum (ásamt fjölskyldum þeirra). Einnig miklar þakkir til starfsfólks á Hjallatúni. Þá er góð kveðja frá Oddi til Grunnskólans.

Ég (Dorthe) er flutt frá "pósthúsinu" og norður á Hvammstanga til Odds, sem ennþá vantar 3 mánuði í afleysingu sem félagsmálastjóri í Húnaþingi vestra.

Áður en ég fer til Horsens í Danmörku kem ég stuttan tíma til að leysa af á Hjallatúni.

**Með bestu kveðjum**

**Oddur og Dorthe**



## Þriðja og síðasta stigamót sumarsins.

Keppt verður á Víkurvelli þriðjudaginn 12. ágúst kl 20:00

Keppt verður í hástökki, langstökki og þristökki.

Umf Katla



Myndin er tekin í Þakgili í Mýrdal sl. helgi en þar eru rekin tjaldstæði sem taka allt að 600 manns. Mynd og texti: Jónas Erlendsson

*Hafist var handa við uppbyggingu ferðamannaáðstöðunnar í Þakgili vorið 2001 og opnað tjaldsvæði á miðju sumri 2002.*

*Hluti af veginum inn í Þakgil var þjóðvegur 1 til ársins 1955. Þá tók brúna af yfir Múlakvísl í hlaupi frá Kötlu og vegurinn var færður neðar á Mýrdalssand nokkru ofar en hann er nú. Á leiðinni í Þakgil er Stórihellir sunnan við Lambaskörð, c.a. 6 km frá þjóðveginum, þar voru haldnir dansleikir í gamla daga. Byggð var brú yfir Yllagil 1931-1933 aflögð 2002 og sett ræsi í staðinn.*

*Bændur í Mýrdal hafa rekið fé sitt á afréttinn í margar aldir og eru djúpar kindagötur víða á afréttinum sem nýtast að hluta til sem göngustígar. Í Miðfellselli í Þakgili hafa smalar rist fangamörk sín og ártöl á hellisveggina. Hellirinn var notaður sem gangnamannakofi til ársins 1918. Þá eftir Kötlugosið var flutt í Brík, skúta fremst í Þakgili, og verið þar eitt haust. Síðan var hlaðinn kofi í Ausubólshólum vestan við Þakgil. Kofinn var notaður í c.a. 50 ár. Við tóftina eru 3 aflraunasteinar sem nefndir eru amlóði, hálfsterkur og fullsterkur. Núverandi gangnamannakofi er gamalt skólahús flutt frá Deildará í Mýrdal.*

*Tekið af Þakgil.is*

## **Auglýsing um breytingu á aðalskipulagi Skaftárhrepps 2002 -2014**

Sveitarstjórn Skaftárhrepps samþykkti á fundi sínum 12. mars 2007 að auglýsa til kynningar eftirfarandi breytingu á aðalskipulagi Skaftárhrepps 2002-2014. samkv. 1. málsgrein 18. gr. Skipulags og byggingarlaga nr 73/1997 með síðari breytingum:

Tillaga að breytingu á Aðalskipulagi Skaftárhrepps  
2002-2014 við Lakagíga.

Aðalskipulagsbreytingin tekur til eftirfarandi þátta:

1. Núverandi verslunar og þjónustusvæði (V10) við Blágil verður dvalarstaður landvarða og tjaldsvæði.
2. Nýtt verslunar og þjónustusvæði (V11) er staðsett á Galta. Þar verður upplýsingamiðstöð með móttöku landvarða, snyrtiaðstaða en engin gisting.
3. Nýr tengivegur er skilgreindur frá Galta að slóða vestan við Laufbalavatn og þaðan eftir núverandi slóða sem liggur að Miklafelli.
4. Núverandi vegaslóði um þröng og torfarin gil við Blæng verður lagður af.
5. Ný reiðleið fylgir tengiveginum frá Galta að reiðleið vestan við Laufbalavatn.
6. Nýjar gönguleiðir eru skilgreindar frá þjónustuhúsi á Galta að Blágiljum og að Tjarnargíg.
7. Ný gönguleið er skilgreind af Lakagígavegi rétt vestan við Blágil og í Hrossatungur.
8. Gönguleið sem þverar Skaftá er færð frá kláf sunnan við Sveinstind suður fyrir Uxatinda.

Tillagan er í samræmi við samþykktu tillögu að breytingu á Svæðisskipulagi Miðhálandis Íslands 2015, Lakagígasvæðið innan Skaftafellsþjóðgarðs, sem er í staðfestingarferli.

Skipulagsuppdráttur, greinargerð og umhverfisskýrsla munu liggja frammi til sýnis á skrifstofu Skaftárhrepps, Klausturvegi 15 á Kirkjubæjarklaustri og á heimasíðu Skaftárhrepps, slóðin: [<http://www.klaustur.is/?i=51&expand=46-51>] frá 30. júlí 2008 til 27.ágúst 2008. Ennfremur verður tillagan til sýnis hjá Skipulagsstofnun, Laugavegi 166, Reykjavík á sama tíma. Þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn kostur á að gera athugasemdir við breytingartillöguna. Athugasemdum skal skila á skrifstofu Skaftárhrepps, Klausturvegi 15, Kirkjubæjarklaustri fyrir 10. september 2008 og skulu þær vera skriflegar. Þeir sem ekki gera athugasemdir við breytingartillöguna innan tilskilins frests teljast samþykkir henni.

Skipulags og byggingarfulltrúi Skaftárhrepps

*Birt aftur vegna misritunar í síðasta Vita*

## **Fagnaður**

**Minni á áður boðaða síðsumarhátíð þann 9. ágúst  
í tilefni hálftrar aldar veru minnar á jörðinni.**

**Gleðin hefst kl. 16:09 með uppboði á glerslistaverkum í Reynisfjöru,  
til styrktar foreldrastarfi innan Uppeldis til ábyrgðar - uppbyggingar  
sjálfsaga.**

**Verkin sem boðin verða upp eru 7 talsins**

**og eru lýsandi**

**fyrir líf konunnar.**

**Sjón er sögu ríkari**

**Eftir ferska útiveru í Reynisfjöru heldur gleðin áfram við Ársali,  
þar getur að líta nokkuð sérstæð listaverk sem verða til sölu  
fyrir gesti og gangandi.**

**Gleðin nær síðan hámarki um kvöldið ( 21:09 ) í Grunnskóla  
Mýrdalshrepps, þar verða ræður og aðrar upptökur leyfðar,  
því eins og áður sagði er ég meira fyrir glens og grín en glingur,  
þannig að fólk er bedið að halda hörðum þökkum í algjöru lágmarki.**

**Til að hafa eitthvað til að hlakka til skal tekið fram að í kvöldfagnaðinum  
verður eftirminnilegur frunflutningur á ljúfum nótum.**

**Svo minni hættu sé á að allt fari úr böndum mun Elín Einarsdóttir  
s. 864 2919 annast utan um hald og veislustjórn.**

**Hlakka til að gleðjast með ykkur öllum**

**fagnaðarkveðjur, Kolbrún Hjörleifs**

## ÁLFHEIÐARSKORA

Það er kunnugt að í Vatnsársundum er selsátur úr Reynishverfi; var þar verið í hellum. Einn selhellirinn heitir Vömb; í honum er hola ein sem Álfheiðarskora er kölluð; hún þrengist eftir sem innar kemur og enginn veit hvað langt hún nær, því hún verður fljótt þrengri en svo að hún verði smogin af stærri skepnu en hundi eða ketti.

Svo er sagt að eitthvört sinn skyldi kona ein gæta sels, en allt fólk annað fór heim til bæja. Þegar kona þessi var á gangi úti sér hún hvar kemur maður, furðu mikill vexti, og gengur hann við stöng. Hann stefnir til seljanna; verður þá konan hrædd, fer inn í selið og felur sig í áðurnefndri bjargskoru.

Maðurinn hafði veður af konunni, kemur inn í selið og leitar vandlega, en finnur ekki; fer hann síðan út og löngu síðar þegar konan ætlaði hann væri allur í burtu fer hún út úr selinu, en þá var maðurinn skammt frá selinu; varð þá konan dauðhrædd, fer inn aftur og treður sér svo langt inn í fyrnefnda skoru sem hún mögulega getur, og þegar hún hefur gengið frá sér kemur hinn mikli maður inn í selið og leitar nú miklu vandlegar en í fyrra skiptið og eins í skorunni.

En þar hann var mikill vexti og þar að auk dimmt í skorunni varð hann ekki var við konuna þar, hafði þó grun af að hún væri þar, tekur því það ráð að hann stendur fyrir utan skoruna og þjakkar með stönginni inn í skoruna og segir við sjálfan sig að fyrst hún vilji ei koma til sín með góðu þá skuli hann ganga frá henni dauðri þarna sem hún er komin.

Þetta gengur lengi, en þó kom broddurinn aldrei beinlínis í hana svo að skaði

yrði að. Þegar þetta hafði lengi gengið fór maðurinn loks í burt úr selinu, en áður hann fór út spillti hann öllu, smáu og stóru, sem í selinu var.

En konan þorði nú ekki að hreyfa sig og lá hún þarna kyrr þar til selfólkið kom að heiman; var þá hinn mikli maður allur í burt og varð ekki vart við hann síðan. En konan var orðin stírf mjög og voru átján stungur á fatinu hennar, en hana sakaði lítið eða ekki.


Af þessum atburði er sagt að Álfheiðarskora taki nafnið.

*(Þjóðsagnasafn Jóns Árnasonar)*

Ég hef eignast hest og hund og 100 sauði fína, en aldrei pund af grænni grund gekk í eigu mína.

Höfundur: Eggert Guðmundsson Norðdahl frá Hólmi, Rvk. f.1866 - d.1963 Um höfund:

Fæddur að Langholti í Meðallandi sonur, Guðrúnar Jónsdóttur frá Langholti og Guðmundar Magnússonar Norðdahl. Bóndi í Hólmi hjá Reykjavík. (Vestur-Skaftfellsk ljóð.)



## Löggufréttir

Víkuna 21.07.2008 til 27.07.2008

Vikan hjá lögreglunni var nokkuð erilsöm enda mikil umferð um þjóðveginn á þessum tíma sumars. Virkt eftirlit var á þjóðveginum og á þeim stöðum þar sem fólk er að koma saman.

111 bifreiðar voru stöðvaðar þar sem ökumenn óku yfir hámarks hraða og ók sá sem hraðast fór 143 þar sem hámarks hraðinn var 90 km/klst.

4 umferðaróhöpp voru tilkynnt til lögreglunnar.

Árekstur varð á mili hópferðabifreiðar og húsbifreiðar á bifreiðaplaninu á milli N1 og Víkurskála. Skemmdir voru minniháttar.

Bílfelta varð á Suðurlandsvegi vestan við Hjörleifshöfða. 2 voru í bifreiðinni og hlutu einhverjar skrámur. Bifreiðin var óökufær eftir óhappið.

Bílfelta varð á Suðurlandsvegi við Strönd þar sem ökumaður missti stjórn á bifreið sinni og endaði bifreiðin utan vegar og valt eina veltu. Ökumaður kenndi til eymsla í hálsi og baki eftir veltuna.

Hvalur rak á land í Kirkjufjöru sunnan við Dyrhólaey. Hvalurinn var um 6-7 metra langur.

### Nokkrir góðir.....

Tvær mýs eru á flaveiðum og hand-sömuðu fíl. Fyrsta músin sagði við hina: "Passa þú hann á meðan ég sæki hjálþ". Hálf tíma síðar kom hún aftur en þá var fíllinn horfinn. "Hvar er fíllinn?" spurði hún hina músina. "Ég veit það ekki" sagði önnur músin. Fyrsta músin varð bálreið og sagði: "Ekki ljúga að mér, ég sé vel að þú ert ennþá að tyggja!".

## Heyfok

Töluvert fauk af heyi í utanverðum Mýrdal sl. miðvikudag 30. júlí í hvassri austnorðaustanátt. Mikill breiskjuþurkur var búinn að vera og var hey því orðið skraufapurrt og létt í sér.

Þeir sem ekki sneru um morguninn sluppu betur. Hey fauk í það minnsta á 5 bæjum. Mikið fór í skurði og á girðingar, er mikil vinna að hreinsa það upp.

Lítið hefur verið um heyfok á seinni árum, eða síðan 2004 en þá fauk verulegt magn af heyi hér í Mýrdalnum. E.

Sp: Hvernig veistu að það er fíll undir rúminu þínu?

Sv: Nefið á þér snertir loftið

Sp: Hvernig veistu að það sé trommari að banka á hurðina hjá þér?

Sv: Bankið verður hraðara með tímanum.

Sp: Af hverju tiplaði ljóskan á tánnum fram hjá lyfjaskápnunum? Sv: Hún vildi ekki vekja svefntöflurnar!

Pizzuafgreiðslumaður spyr ljósku hvort hún vilji fá pizzuna sína í 6 eða 12 sneiðar. "Nú auðvitað 6 sneiðar", segir hún, "Ég get ómöglega torgað 12 sneiðum".

Eiginkonan er að heimsækja manninn sinn á spítala eftir hafa hafa verið í aðgerð. „Þú er æðislega myndarleg“ segir maðurinn og sofna svo aftur. Nokkru seinna vaknar hann aftur og segir „Þú ert sæt“. „Sæt“, segir konan, „Er ég bara sæt, hvað varð um að ég væri myndarleg.“ „Áhrif lyfjanna eru að fjara út“, svarar hann.